

111

Gjöld:

I.	Kostnaður við amtsráðið		kr. 374,00
II.	Til heilbrigðismála		— 124,00
III.	Til menntamála		
	a. Laugalandsskólans	kr. 300,00	
	b. Ytrieyjarskólans	— 300,00	
	c. Bókasafns Norðuramtsins	— 500,00	— 1100,00
IV.	Til heyrnar-og málleysingja		— 60,00
V.	Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrúaláni		— 118,52
VI.	Kostnaður við fjárskoðanir		— 180,00
VII.	Fangahúsið á Akureyri		— 38,95
VIII.	Ýmislegur kostnaður		— 105,85
IX	Lagt í sparisjóð		— 829,59
X.	Eign til næsta árs:		
	a. Í sparisjóði	kr. 829,59	
	b. Í peningum	kr. 1442,20	— 2271,79
		Samtals:	— 5202,70

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 12. jan. 1897

Páll Briem.

112

Auglýsing

um

að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.

Samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingja er veitt í staflíð b. í lög-
um nr. 30. frá 8. nóvbr. 1883, um löggilding nýrra verzlunarstaða, og eptir að
mælt hefir verið sjávardýpi á Hvammsfirði í Dalasýslu, skal hjer með ákveðið,
að Búðardalur við Hvammsfjörð skuli vera verzlunarstaður.

Reykjavík, 26. júlí 1897.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.*Jón Magnússon.***Embættisskipan.**

7. júlí var *cand. polit. Sigurður Briem* allramildilegast skipaður *póstmeistari* í
Reykjavík.